

**Sp.**

**56. Fyrirspurnir.**

**[53. mál]**

I. Til félagsmálaráðherra um starfsemi endurhæfingarráðs.

Frá Helga Seljan.

Hvað hyggst félagsmálaráðuneytið gera, þegar lög um fatlaða taka gildi, varðandi þá starfsemi er nú fer fram á vegum endurhæfingarráðs?

II. Til viðskiptaráðherra um útreikning verðbóta.

Frá Ragnari Arnalds.

Vill ríkisstjórnin beita sér fyrir því að settar verði skýrar reglur um útreikning verðbóta í viðskiptum þar sem kaupverð er tengt vísitölu verðlags eða byggingarkostnaðar?

III. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um sjálfræðissviptingu.

Frá Helga Seljan.

Hefur nefnd sú, sem skipuð var til að endurskoða lög um sjálfræðissviptingu, lokið störfum? Ef svo er, hverjar eru tillögur nefndarinnar?

IV. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um geðheilbrigðismál.

Frá Helga Seljan.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til að endurskoða skipulag geðheilbrigðismála? Hefur hún skilað tillögum, og ef svo er, hver eru áform heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um framkvæmd þeirra?
2. eru uppi áform í ráðuneytinu um skipulega forvarnavinnu í geðheilbrigðismálum?
3. Hver eru að dómi ráðuneytisins forgangsverkefni í þessum málaflokki og hvaða áform eru þar uppi?